

Ed.

23. Frumvarp til laga

[20. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að ábyrgjast lán, er Landsvirkjun hyggst taka til virkjana í Tungnaá.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975.)

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán, er Landsvirkjun tekur til virkjana í Tungnaá ásamt tilheyrandi ráðstöfunum, umfram áður veittar heimildir, sbr. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 59/1965 með áorðnum breytingum, svo og 1. gr. laga nr. 96/1970, að fjárhæð allt að 2 385 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt. Ábyrgðin skal vera með þeim kjörum og skilmálum, er ríkisstjórnin ákveður, og tekur hún jafnt til greiðslu afborgana, vaxta og annars kostnaðar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Lagafrumvarp þetta gerir ráð fyrir, að ríkisstjórninni sé heimilt að ábyrgjast lán fyrir Landsvirkjun að fjárhæð 2 385 millj. ísl. króna (15 millj. Bandaríkjadóllarar) eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt vegna virkjunarframkvæmdanna við Sigöldu í Tungnaá.

Landsvirkjun á nú kost á lántöku í Bandaríkjunum í formi skuldabréfaútgáfu til einkaaðila, sem hún þarf á að halda, til að ljúka byggingu virkjunar í Tungnaá við Sigöldu, að fjárhæð 15 millj. \$.

Landsvirkjun hefur samið við First Boston Corporation um skuldabréfaútgáfu þessa og miðast hún við 15 ára lánstíma, en þar af yrði lánið afborgunarlaust fyrstu 5 árin og vextir um 11% p. a.

Stjórn Landsvirkjunar hefur kannað, hvort lán sem þetta fengist gegn einfaldri ábyrgð eignaraðila, þ. e. ríkisins og Reykjavíkurborgar, sbr. 1. og 12. gr. laga um Landsvirkjun nr. 59/1965. Niðurstöður þessarar könnunar eru þær, að lánastofnanir í Bandaríkjunum gera meiri kröfur til ábyrgðar en gerðar eru í Evrópu og sérstaklega þegar um lánsfjáruþboð í formi skuldabréfa er að ræða en ekki bankalán. Rétt er að minna á, að lán það, sem Landsvirkjun tók vegna Sigöldu og annarra framkvæmda í janúar 1974 hjá nokkrum bönkum í London, að fjárhæð 30 millj. \$, fékkst gegn einfaldri ábyrgð eignaraðila.